



Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28.03.2018
Tilvísun: 201803-0009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upptöku samræmdrar vísitölu neysluverðs.

Alþingi hefur óskað eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um 135. mál, *Upptöku samræmdrar vísitölu neysluverðs*. Málið er endurflutt en Alþýðusambandið hafði áður gefið umsögn um málið á 146. löggjafarþingi.

Lagt er til að skipaður verði sérfræðingahópur sem ætlað er að leggja mat á kosti og galla þess að breyta útreikningi verðbólgu þannig að hann byggji á aðferðarfræði samræmdrar vísitölu neysluverðs sem jafnframt hefði þau áhrif að verðtryggðar skuldbindingar myndu taka mið af samræmdri vísitölu í stað vísitölu neysluverðs.

Verðlagsþróun undanfarinna ára hefur leitt af sér aukna umræðu um mælingu verðbólgunnar. Líkt og á árunum 2003-2007 hefur verðbólga frá árinu 2014 verið drifin áfram af þróun á húsnæðismarkaði en sú þróun hefur töluverð áhrif á þróun verðtryggðra lána, og þá sérstaklega 40 ára jafngreiðslulána. Hækkun húsnæðisverðs kemur fram í verðbólgu í gegnum mat Hagstofunnar á *reiknaðri húsaleigu* sem mælir kostnað við eigið húsnæði en þann lið undanskilur samræmda vísitalan. Líkt og bent er á í umsögn Hagstofunnar er þó stefnt að upptöku húsnæðisliðar í samræmdu vísitölunni, þannig að munur á henni og vísitölu neysluverðs verður hverfandi.

Þessi umræða varð tilefni til sérstakrar umfjöllunar á 42. þingi ASÍ þar sem þingið ályktaði að „*vísitala neysluverðs til verðtryggingar skv. lögum um vexti og verðtryggingu verði hér eftir reiknuð án húsnæðisliðar*“.

ASÍ ítrekar að eðlilegt sé að lántaki hafi val um þá vísitölu sem liggur til grundvallar verðtryggingu lánasamninga. Þessu fylgja kostir en einnig gallar. Alþýðusambandið tekur undir það að skoða þurfi kosti og galla þess að lántaki hafi val um hvaða vísitala liggji til grundvallar verðtryggðum skuldbindingum, hvort sem það sé VNV, SNV eða VNV án húsnæðis.

f.h. ASÍ
Róbert Farestveit
Hagfræðingur